



Tillögur samgöngunefndar til ársþings SASS 2012

Anna Björg Nielsdóttir formaður, Eypór Arnalds, Oddur Bjarnason, Þorgils Torfi Jónsson, Ingi Már Björnsson, Margeir Ingólfsson og Björn Ingi Jónsson.

Uppbygging vegakerfisins á Suðurlandi

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Hellu 18. og 19. október 2012, leggur áherslu á áframhaldandi uppbyggingu samgöngumannvirkja á Suðurlandi. Nauðsynlegt er fyrir framtíðaruppbyggingu samfélagsins að innviðir þess verði styrktir og þar eru samgöngur ein af grunnstöðunum. Mikilvægt er einnig að sporna gegn samdrætti og atvinnuleysi með arðbærum verklegum framkvæmdum hins opinbera.

Ársþing SASS, leggur mikla áherslu á að gerðar verði gagngerðar endurbætur á tengivegum eftir tímasettri framkvæmdaáætlun með formlegu samráði við sveitarfélögin. Mikil umferðaraukning hefur orðið á þessum vegum og þeir gegna mun stærra hlutverki nú en áður bæði vegna breyttra atvinnuhátta og vegna stóraukins ferðamannastraums. Þá bendir þingið á, að skynsamlegt sé að leggja áherslu á lagningu bundins slitlags á núverandi vegi með nauðsynlegum lagfæringum og spara þar með viðhald malarvega. Ársþingið lýsir yfir ánægju með hækkun framlög til tengivega en telur þó að bæta þurfi um betur þannig að viðundandi árangur náist við endurbætur á tengivegakerfinu.

Þá telur ársþingið að skortur sé á samráði að hálfu Vegagerðarinnar við sveitarfélögin við endurskilgreiningu vega og nauðsynlegt að bæta úr því.

Tvöföldun Suðurlandsvegar

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Hellu 18. og 19. október 2012, lýsir yfir mikilli óánægju með ákvæði nýsamþykktara samgönguáætlana er varða tvöföldun Suðurlandsvegar. Samkvæmt þeim verður framkvæmdum við fyrirhugaða tvöföldun ekki lokið á næstu tólf árum því ekki er gert ráð fyrir töföldun vegarins á milli Rauðavatns og Lögbergsbrekku þrátt fyrir að meðalumferð á sólarhring á þeim vegarkafla sé nú um 10.000 bílar og slysatíðni veruleg. Þá hefur verið horfið frá fyrri áformum um tvöföldun vegarins á milli Selfoss og Hveragerðis en þar hafa umferðarslys verið í tíð á undanförunum árum. Fyrir liggur að framkvæmdir við Suðurlandsveg eru með arðsömustu samgönguframkvæmdun og nægir að minna á að með tvöföldun vegarins og aðgreiningu akstursstefna er talið að fækka megi slysum og óhöppum um 50%, en á undanförunum árum hefur



kostnaður vegna tjóna sem orðið hafa í umferðinni á þessari leið numið um 1 milljarði króna árlega að mati tryggingafélaga. Samtökin telja því í hæsta máta óeðlilegt að ekki sé staðið við þau fyrirheit sem gefin voru í síðustu fjögurra ára áætlun um tvöföldun Suðurlandsvegur og ýmsar aðrar framkvæmdir í öðrum landshlutum teknar fram fyrir. Þær fyrirætlanir standast ekki skoðun hvort sem litið er til umferðarþunga eða umferðaröryggis. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga treysta á að við næstu endurskoðun samgönguáætlana verði tryggt að tvöföldun Suðurlandsvegur verði lokið á mun styttri tíma en nú er áætlað.

Brúargerð yfir Hornafjarðarfljót verði flýtt

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Hellu 18. og 19. október 2012, leggur höfuðáherslu á að framkvæmdum við brú yfir Hornafjarðarfljót verði flýtt ásamt tilheyrandi vegarlagningu, en ekki er gert ráð fyrir í 12 ára samgönguáætlun að framkvæmdir hefjist fyrr en árið 2018. Núverandi brú er léleg og stórvarasöm. Framkvæmdin er arðsöm og mun stytta hringveginn um 11 km.m.

Nauðsyn samgöngubóta í Vestur- og Austur- Skaftafellssýslum

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Hellu 18. og 19. október 2012, leggur áherslu á að verulegt átak verði gert í samgöngumálum í V- og A- Skaftafellssýslum. Í fyrsta lagi vegna slæms ástands samgöngumannvirkja á svæðinu og einnig vegna byggðavanda í V-Skaftafellssýslu þar sem styrkja þarf innviði samfélagsins og efla atvinnulífið. Eftirtaldir aðgerðir eru hvað brýnastar:

Farið verði hraðar í fækkun einbreiðra brúa á þjóðvegi 1 en gert er ráð fyrir í samgönguáætlunum Alþingis en um helmingur þeirra er í V- og A-Skaftafellssýslum eða rúmlega 20 talsins. Um mikið umferðaröryggismál er að ræða og í samræmi við það markmið áætlunarinnar að styrkja meginflutningaleiðir auk þess sem slíkar framkvæmdir kalla á um 60% meira vinnuafli en venjulegar vegaf framkvæmdir. Verulegt átak á næstu árum gæti því skapað fjölmörg störf fyrir . Samtökin leggja því til að samgönguáætlun verði breytt í grundvallaratriðum að þessu leyti og framkvæmdum flýtt. .

Árþing SASS vekur einnig athygli á því að vegurinn fyrir Reynisfjall er einn erfiðasti farartálmi á þjóðvegi 1 á Suðurlandi. Árþingið hvetur umhverfisráðherra að staðfesta aðalskipulag Mýrdalshrepps sem gerir ráð fyrir að gerð verði jarðgöng í gegnum Reynisfjall með tilheyrandi vegarlagningu. Árþingið leggur áherslu á að Hornafjarðarflugvöllur fái aftur löggildingu sem millilandaflugvöllur með áherslu á ferju- og einkaflug. Staðsetning flugvallarins gerir það að verkum að hann er fyrsti kostur í ferjuflugi milli meginlands Evrópu og Íslands og þýðingarmikill í uppbyggingu ferðaþjónustu á þessu landsvæði.



Hafnir og landbrot

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Hellu 18. og 19. október 2012, leggur áherslu á tryggt verði fé til rannsókna á sandburði í og umhverfis sunnlenskar hafnir þ.e. við Hornafjarðarós, Landeyjahöfn, Vestmannaeyjahöfn og Þorlákshöfn. Sérstaklega er mikilvægt að vinna að framtíðarlausn í málefnum innsiglingar um Hornafjarðarós.

Ársþing SASS leggur jafnframt áherslu á að hafinn verði undirbúningur að uppbyggingu stórskipahafnar í Þorlákshöfn. Fyrir liggur að staðsetning orkufrekrar starfsemi í Ölfusi er einkar hagstæð og því afar brýnt að þar verði byggð upp stórskipahöfn..

Ársþingið fagnar áformum Alþingis um smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju og leggur áherslu á að málinu verði hraðað eins og kostur er. Reynslan hefur sýnt að um gríðarlegt hagsmuna- og framfaramál er að ræða fyrir íbúana og einnig hratt vaxandi ferðapjónustu

Ársþing SASS telur mikilvægt að sporna við miklu landbroti af völdum sjávar og jökulfljóta sem ógna byggð, vegum og brúm. Brýnt er að fylgjast náið með landbroti við Jökulsá á Breiðamerkursandi þar sem stutt er orðið frá Þjóðvegi niður í fjöruborð.

Almenningssamgöngur

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Hellu 18. og 19. október 2012, lýsir yfir ánægju með þann góða árangur sem hefur náðst í rekstri almenningssamgangna á Suðurlandi og þá aukningu sem orðið hefur á flestum þjónustuleiðum. Til að tryggja enn betur grundvöll rekstursins er nauðsynlegt að Alþingi endurskoði lög um fólksflutninga og skýri betur ákvæði laganna um einkarétt sveitarfélaga til almenningssamgangna. Mikilvægt er í því sambandi að Vegagerðin fái úrræði til að stöðva akstur annara akstursaðila sem gengur á svig við einkaréttinn.

Ársþingið skorar á Alþingi að við afgreiðslu fjárukalaga í vetur verði gert ráð fyrir framlagi vegna viðabótaraksturs sem orðið hefur að grípa til vegna þess að ferjusiglingar hafa færst til Þorlákshafnar í kjölfar lokunar Landeyjahafnar yfir veturinn. Í samningi SASS og Vegagerðarinnar um almenningssamgöngur frá 2011 er ákvæði þess efnis að „ef ferjusiglingar færist til Þorlákshafnar um lengri tíma með umtalsverðum aukakostnaði sé heimilt að taka upp viðræður um áhrif þess á upphæð árlegs styrks.“ Reyndin varð sú á þessu ári að Herjólfur sigldi til Þorlákshafnar frá áramótum fram í miðjan apríl. Þessu fylgdi verulegur aukakostnaður. Búast má við því að siglingar færist til Þorlákshafnar síðustu 2 – 3 mánuði ársins og má því reikna með að endanlegur kostnaður verði á bilinu 8 – 9 millj. króna.



Fjarskiptamál

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Hellu 18. og 19. október 2012, leggur áherslu á að allir landsmenn hafi aðgang að háhraða gagnaflutningskerfi. Þeim fyrirtækjum sem starfa á þessum markaði verði gert skylt að tryggja fullnægjandi gæði á þeim svæðum þar sem þau bjóða þjónustu sína. Sjái þau sér það ekki fært láti Fjarskiptastofnun fara fram útboð á þessum svæðum. Þá leggur árþingið til að kannað verði með aðkomu fjarskiptasjóðs að uppbyggingu varanlegs fjarskiptakerfis sem tryggi öllum landsmönnum aðgang að nútíma tækni í fjarskiptum og ljósvakamiðlun. Þá leggja samtökin á sama hátt áherslu á að farsímasamband verði tryggt um allt land og þeim fyrirtækjum sem starfa á þeim markaði verði skylt að tryggja slíkt samband. Lágmarkskrafa er að farsímasamband verði tryggt á mögulegum hamfarasvæðum sem og á þjóðvegi 1.